

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Fljótsdalshérað.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot eða óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferðina eða til óþæginda fyrir viðstadda.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um eða ætluð eru til almenningsafnota s.s. leikvelli, almenningsgarða, sölutorg, afgreiðslustaði bifreiða o.s.frv.

Um veitingastaði, almennar knattborðsstofur og leiktækjasali, kvikmyndahús og önnur samkomuhús gilda ákvæði samþykktarinnar um almannafæri eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þ.á.m. við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa eða annars staðar þar sem almenningur kemur saman, skal fólk raða sér þannig að þeir sem fyrstir koma fái fyrst afgreiðslu og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að halda uppi röð og reglu.

3. gr.

Bannað er að aðhafast nokkuð það sem raskar næturro manna að óþörfu. Enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga húsa, né heldur hringja dyrabjöllu, dyrasíma eða aðhafast neitt það sem veldur ónæði.

4. gr.

Skipulagðar skruðgöngur, mótmæla- og kröfugöngur og útifundi ber að tilkynna til lögreglunnar og skulu þátttakendur hlýða fyrirmælum lögreglunnar eða umsjónarmanns svo að gæta megi góðrar reglu og umferðaröryggis.

5. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á né hafa í frammi hávaða eða móðgandi háttarlag, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur, viðstadda eða þá, sem búa í nágrenninu.

6. gr.

Á götum og vegum, eða þar sem hætta stafar af, má ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, hljólabrettum, skautum, sleðum eða iðka leiki, skemmtanir eða íþróttir þannig að hætta eða umferðartruflun geti hlotist af. Einnig er bannað að hanga í bifreiðum, dráttarvélum, vögnum eða öðrum farartækjum sem eru á ferð eða festa við þau sleða, reiðhjól eða annað sem óþægindum eða hættu getur valdið. Lögreglustjóri getur þó heimilað sleðaferðir og leiki barna á tilteknum götum og svæðum, enda séu gerðar sérstakar varúðar-ráðstafanir sé þeirra þörf.

7. gr.

Hlaðnar byssur má ekki bera í þéttbýli eða annars staðar á almannafæri. Byssur skal

ávallt bera þannig að hlaupið snúi upp. Eigi má skjóta af byssu, riffli eða öðrum skotvopnum, svo sem loftbyssum, í þéttbýli nema á sérstökum æfingasvæðum sem séu rækilega merkt og lögreglustjóri hafi samþykkt þau.

Á almannafæri má ekki kveikja í eldfimum efnum eða sprengiefnum. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði er sérstaklega stendur á, s.s. um áramót.

Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins gera með sérstöku leyfi lögreglustjóra og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt.

Sprengiefni eða önnur slík eldfim efni má hvorki hafa í íbúðarhúsum né annars staðar þar sem hætta stafar af.

Sprengiefni má aðeins geyma á stöðum sem lögreglustjóri og slökkviliðsstjóri samþykkja.

Að öðru leyti vísast til laga og reglugerða um meðferð og notkun sprengiefna.

8. gr.

Allir eru skyldir að segja til nafns og heimilis þegar lögreglan krefst þess. Óheimilt er að villa á sér heimildir eða dulbúast í því skyni.

9. gr.

Óheimilt er að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri, s.s. með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum, gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt eða vera áberandi ölvaður.

10. gr.

Menn, sem eru áberandi ölvaðir eða undir sterkum áhrifum annarra vímugjafa á almannafæri, skulu vistaðir í fangageymslum lögreglunnar telji hún slíkt heppilegt eða nauðsynlegt. Skulu þeir þá sæta refsíábyrgð skv. samþykkt þessari, áfengislögum eða öðrum viðeigandi lagamælum.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða skipunum lögreglu, sem gefnar eru til þess að stjórna umferð eða halda uppi góðri reglu á almannafæri.

Ef nauðsyn ber til getur lögreglan krafði sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri. Heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það, eftir almennum reglum.

12. gr.

Enginn má, nema brýna nauðsyn beri til, taka vatn úr brunahönum eða hreyfa við þeim að neinu leyti nema hafa til þess leyfi slökkviliðsstjóra og tæknideildar viðkomandi sveitarfélags.

Ekki má heldur slökkva eða kveikja á götuljósum að þarflausu.

II. KAFLI

Sala utan sölubúða, öryggi vegfarenda, frágangur bygginga og byggingasvæða.

13. gr.

Óheimilt er að stunda á almannafæri atvinnu sem er til tálmunar fyrir umferðina. Sala hvers konar varnings utan sölubúða er bönnuð með þeim undanþágum sem taldar eru í þessari grein. Blöð, bæklinga, merki, happdrættismiða, dagskrár, aðgöngumiða o.þ.h. má selja á almannafæri. Þó getur lögreglustjóri bannað eða takmarkað slíka sölu ef ástæða

þykir til. Lögreglustjóri getur veitt heimild til sölu varnings á tilgreindum svæðum utanhúss til farandsölu og til starfrækslu á útimörkuðum að uppfylltum skilyrðum um verslunaratvinnu og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

14. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda eða landeiganda má enginn láta fyrir berast á landareign, húsalóðum, húspökum, girðingum, í garðshliðum eða á öðrum stöðum þar sem inn er gengið í hús eða húsalóðir né heldur fara inn í híbýli hans í söluverndum.

15. gr.

Eigi má hengja sjálfsala, auglýsingaspjöld eða annað þess háttar utan á hús ef það veldur óþægindum á almannafæri að dómi lögreglunnar.

Leyfi bygginganefnda og umferðanefnda þarf til að setja upp föst auglýsingaspjöld eða aðrar varanlegar auglýsingar á almannafæri eða ef þær sjást þaðan. Hæð undir gluggaskýlur og auglýsingaspjöld, se standa út frá húshlið fram yfir gangstétt, skal minnst vera 2,70 m.

Uppfestar auglýsingar skal hlutaðeigandi taka niður þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Sé því eigi sinnt getur viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórn fjarlæggt þær á kostnað auglýsenda.

Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

16. gr.

Í alfaraleið má ekki leggja eða setja neitt það sem tálmar umferð frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflytninga og skal þess ætíð gætt að af því verði sem minnstur farartálmi.

Að flutningi loknum skal vandlega hreinsa og ganga frá vettvangi.

Bifreiðar, vinnuvélar og reiðhjól mega ekki standa á akbrautum, torgum, eða gangstéttum nema það sé sérstaklega heimilað.

17. gr.

Húsráðendur eða umráðamenn húseigna skulu hreinsa snjó og klaka af tilheyrandi gangstígum, stéttum og tröppum eins og kostur er svo og hreinsa snjó af húspökum og fjarlægja grýlukerti þannig að eigi stafi hætta af fyrir gangandi vegfarendur.

18. gr.

Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns eða orsaka, að þetta berist inn á lóðina.

Hver, sem gerist sekur um slíkt, skal flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því, að óhreinindi berist af lóð eða landareign hans á lóð eða landareign annars manns.

19. gr.

Umráðamönnum lóða, lendna, jarða og athafnasvæða, bæði einstaklingum og forráðamönnum fyrirtækja og stofnana, er skylt að gæta þess jafnan, að þeim sé haldið hreinum og þrifalegum. Úr vanrækslu í þessum efnum geta sveitarstjórnir látið bæta á kostnað þess er ábyrgð ber á því svæði, sem um er að ræða.

20. gr.

Enginn má gera skurð í götur eða torg þéttbýla eða alfaravegi hvar sem er né raska

þeim á neinn hátt nema hann hafi þess leyfi, tæknideildar Egilsstaðabæjar eða bygginga-
yfirvalda annarra viðkomandi sveitarfélaga.

Skal verkið unnið svo skjótt sem kostur er og þannig að sem minnstur farartálmi sé
að. Þá skal því, sem raskað var, aftur komið í samt lag og því haldið við í eitt ár.

Dragist frágangur úr hófi geta bæjar- eða sveitarstjórnir eða lögreglustjóri eða báðir
aðilar í sameiningu látið ljúka verkinu og sett götur, torg og vegi í samt lag aftur á kostnað
þess sem verkið átti að vinna. Til tryggingar því, að skilmálum ofangreinds leyfis verði
fullnægt, geta sveitarstjórnir krafist bankatryggingar.

Þeir, sem stjórna verki, skulu ætíð gæta þess að skurðir séu afgirtir og að vegfarendur
séu aðvaraðir um farartálma með nægilega greinilegum skiltum, ljósum eða endurskins-
merkjum. Áður en skurðgröftur er hafinn á einkalóð er skylt að leita upplýsinga um legu
jarðstrengja og jarðlagna hjá rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu og Pósti og síma.

Að öðru leyti geta sveitarstjórnir og lögreglustjóri gert þær ráðstafanir, er þurfa þykir,
til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur.

21. gr.

Nú er hús svo hrörlegt að hætt er við að það eða einhver hluti þess hrynji. Getur
lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það innan tiltekins
tíma eða endurbæta það svo sem þörf gerist til að afstýra hættu. Enn fremur getur lögreglu-
stjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra
hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg
eða annarri girðingu liggur við hruni eða falli. Sjá ennfremur grein 2.5.20 í byggingar-
reglugerð.

22. gr.

Þegar hús er byggt, því breytt eða það rífið að fengnu leyfi bygginganefndar og húsið
eða einhver hluti þess liggur að almannaferi er eiganda þess eða verktaka skylt að skýra
byggingafulltrúa frá áður en verkið byrjar. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum sem
lögreglustjórinn setur til að afstýra farartálma og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur.

Verkfæri og efni má ekki leggja frá sér á almannaferi nema þar sem byggingafulltrúi
leyfir og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur.

Mold, mól, grjót, byggingarefni og því um líkt, er af byggingunni stafar, er óheimilt
að geyma á svæði sem er innan 15 m frá brunahana.

Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal
taka burt þegar að framkvæmd lokinni eða þegar lögreglan krefst þess.

23. gr.

Vinnupalla, sem valdið geta hættu fyrir umferð á gangstéttum eða götum er einungis
heimilt að reisa með leyfi lögreglustjóra. Slíkir vinnupallar skulu fjarlægðir innan tiltekins
tíma eða þegar lögreglan krefst þess.

Lausir stigar, sem notaðir eru til viðgerða á húsum, við málun, gluggaþvott eða þ.h.,
skulu vera nægilega traustir. Við fjölfarnar götur skal vörður standa við stiga meðan á verki
stendur. Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannaferi eftir að dimmt er orðið.

Við húsbyggingar og aðrar þess háttar framkvæmdir skal þess gætt að endi á steypu-
styrktarjárnri standi ekki upp í loftið þannig að börn eða aðrir geti hlutið skaða af. Beygja
skal járnin niður eða byrgja.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirmælum lögreglunnar hér að lútandi eru
á ábyrgð þess er verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð
eiganda eða umráðamanna.

III. KAFLI

Um umferð bifreiða, bifhjóla o.fl.

24. gr.

Öll umferð um vegi, götur og torg fer eftir gildandi umferðarlögum. Í þéttbýli er öll umferð torfærutækja, s.s. vélsleða og fjórhjóla bönnuð bæði á vegum og utan vega.

25. gr.

Með vísun til 50. gr. umferðarlaga má eigi aka hraðar í þéttbýli en 50 km á klst., enda sé þessi hraðatakörkun gefin til kynna með viðeigandi umferðarmerkjum.

Við vegamót í þéttbýli má ekki leggja ökutæki nær gatnamótum en 5 metra miðað við götulínu.

IV. KAFLI

Um dýrahald.

26. gr.

Hundahald er bannað í þéttbýli Egilsstaða- og Fellabæjar nema með leyfi viðkomandi sveitarstjórnar, skv. samþykktum um hunda- og kattahald.

27. gr.

Hunda, sem ráðast á menn eða skepnur og bíta, skal fjarlægja þegar í stað og eru þeir réttðræpir.

Flækingshunda, sem ekki eru í eigu eða umsjón neins manns getur lögregla látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan 3ja sólarhringa skal farga hundinum.

Alla flækingsketti, sem enginn eigandi finnst að, er lögreglu heimilt að aflífa.

28. gr.

Óheimilt er að halda svín, hænsn, endur, gæsir eða annað fiðurfé í þéttbýli. Leyfi heilbrigðisnefndar þarf til að mega halda kanínur og dúfur í þéttbýli.

29. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil fer eftir ákvæðum fjallskilasamþykktar Múlasýslna nr. 472/1991 eins og hún er nú eða kann að verða.

30. gr.

Búpeningur má ekki ganga laus á þéttbýlissvæðum.

Valdi búpeningur spjöllum á löggirtum svæðum, húslóðum, túnnum eða görðum eru eigendur þeirra bótaskyldir.

Leyfi byggingayfirvalda þarf til að reisa fjárhús eða önnur peningshús.

Heimilt er að banna með öllu búfjárhald á hverjum stað í þéttbýli.

31. gr.

Ef búfé gengur laust innan afgirtra þéttbýlisstaða eða afgirtra skógarsvæða skal lögregla hlutast til um það með tilstyrk sveitarstjórnar, að það sé handsamað og fært til geymslu á vegum sveitarfélagsins. Sé búfénaðurinn ekki leystur út innan viku gegn greiðslu kostnaðar og bóta vegna tjóns, sem hann kann að hafa valdið, skal hann seldur á opinberu uppboði eða honum slátrað. Þetta er þó aðeins heimilt sé viðkomandi girðing fullnægjandi að mati lögreglustjóra. Allan kostnað af þessum aðgerðum skulu búfjáreigendur greiða. Jafnframt skulu þeir eða umráðamenn ágangsfénaðar sæta sektum, ef rekja má ágang búfjár til vanrækslu þeirra.

32. gr.

Á vegum skulu ríðandi menn fara eftir gildandi umferðarreglum. Óheimilt er að ríða hestum um götur þar sem þéttbýli er, en lögreglustjóri getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

V. KAFLI

Um friðun almenningseigna o.fl.

33. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka né á annan hátt spilla almenningseignum, hvort heldur eru vegir, vatnsból, vatnsveitumannvirki, byggingar, rafleiðslur, ljósker, símar, símaklefar, póstkassar, pósthólf, ruslakassar, brunaboðar, björgunartæki eða annað ætlað til almenningsnota. Komi slíkt fyrir skal sá er veldur bæta fullum bóttum þann skaða sem hann gerir. Sama gildir um hús manna, útvarpsloftnet eða girðingar. Enginn má skemma eða tröða ræktaða bletti, trjá- eða blómagarða, hvort sem þeir eru girtir eða ógirtir.

34. gr.

Bannað er að spilla gróðri í almenningsgróðum eða á víðavangi í þéttbýli. Í sveitum er stranglega bannað að spilla gróðri, nema um sé að ræða jarðarbætur á vegum ábúanda á bújörðum.

35. gr.

Í kirkjugörðum eða grafreitum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sér stað. Tré eða jurtir, sem gróðursett eru í kirkjugörðum, eða grafreitum, má enginn rífa upp, færa burtu, spilla eða saurga á nokkurn hátt. Gróðursetning og grisjun sé unnin í samráði við hlutaðeigandi yfirvöld kirkjugarða. Skepnum má eigi beita eða sleppa í kirkjugörðum.

VI. KAFLI

Um veitingastaði, samkomuhús, skemmtanir o.fl.

36. gr.

Leyfi lögreglustjóra þarf til að reka veitingasölu. Áður en lögreglustjóri veitir slíkt leyfi skal hann leita umsagnar sveitarstjórna, heilbrigðisnefnda og eldvarnareftirlits. Leyfi lögreglustjóra þarf til hvers konar skemmtanahalds sem seldur er aðgangur að.

Lögreglustjóri getur bundið skemmtanaleyfi þeirri kvöð að lögreglumenn og/eða slökkviliðsmenn verði á skemmtistað og haldi þar uppi löggæslu og eftirliti á staðnum samkomutímamann og er leyfishafa skylt að hlýta fyrirmælum þeirra til að halda uppi góðri reglu, velsæmi og hreinlæti.

37. gr.

Hverjum þeim sem hefur á hendi veitingasölu eða selur gistingu er skylt að gera það sem í hans valdi stendur til að halda uppi góðri reglu og velsæmi. Hann skal sjá um að fjöldi gesta takmarkist við leyfilegt hámark og að loftræsting og hreinlæti séu í góðu lagi.

38. gr.

Heimilt er að hafa veitinga- og samkomustaði opna alla daga frá kl. 06:00-03:00, enda sé sala heitra máltíða, heitra sérretta eða fjölbreyttra kaffiveitinga meginhluti rekstrarins að mati heilbrigðisnefndar. Allir gestir skulu hafa yfirgefið staðinn hálfri stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er ef þeir fá gistingu á veitingastaðnum eftir lokunartíma.

Staðir sem hafa leyfi til að veita áfengi, mega það frá kl. 12:00 til 23:30 alla daga vikunnar. Þá er sömu aðilum heimilt að veita áfengi til kl. 02:00 aðfaranótt laugardags og sunnudags eða almenns frídags.

Að fengnu leyfi lögreglustjóra er heimilt að halda samkvæmi, dansleiki og aðrar skemmtanir er standi til kl. 01:00 alla daga vikunnar, en aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags til kl. 03:00.

39. gr.

Rekstur knattborðs- og/eða leiktækjastofu er háður leyfi lögreglustjóra að fengnum umsögnum sveitarstjórnar. Leiktækjastofa telst sá staður þar sem leiktæki, spilakassar, tölvuleiktæki og hvers kyns önnur leiktæki eitt eða fleiri eru til afnota fyrir almenning gegn gjaldi.

Leyfi skal veitt einstaklingi, vera staðbundið og ekki framseljanlegt. Leyfi skal veitt til eins árs í senn, en sé sótt um áframhaldandi leyfi má veita það til fjögurra ára. Sveitarstjórn ákvarðar leyfisgjald. Heimilt er þó að lækka eða fella niður leyfisgjald sé starfsemin hluti af æskulýðs- eða félagsstarfsemi.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur og dvöl á knattborðs- og leiktækjastofum. Aldur miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag. Starfsmenn við slík tæki skulu ekki vera undir 18 ára aldri.

40. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn viðkomandi sveitarstjórnar. Heimilt er að binda leyfið skilyrði um greiðslu leyfisgjalds til sveitarfélagsins, og tiltekur sveitarstjórn þá fjárhæð þess.

41. gr.

Lögreglunni skal heimill umgangur um húsakynni, sem notuð eru í sambandi við veitingar, rekstur spilakassa, knattborða og annarra leiktækja.

42. gr.

Nú hefur einhver orðið sannur að sök um ítrekaða ölvun og óspektir á dansleikjum eða öðrum samkomum, og er þá heimilt að meina honum aðgang að dansleikjum og skemmtisamkomum í tiltekinn tíma eftir tilmælum lögreglumanna og forsvarsmanna samkomu.

Um útivistartíma barna og unglunga o.fl.

43. gr.

Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20:00 nema í fylgd með fullorðnum eða á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.

Unglingar, sem eru á aldrinum 13-16 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 22:00, nema þeir séu á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.

Á tímabilinu 1. maí til 1. sept. lengist útivistartími barna og unglunga skv. 1. og 2. málsgrein um tvær klukkustundir.

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsgreinar skal unglingum á aldrinum 13-16 ára heimilt að vera á almannafæri til kl. 24:00 á föstudags- og laugardagskvöldum. Þessi undantekningarregla skal túlkuð þannig að unglingur fái framangreinda heimild frá og með 1. janúar árið sem hann verður 14 ára.

44. gr.

Unglingum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum

eftir kl. 20.00, öðrum en sérstökum unglingskemmmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði séu haldin að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

45. gr.

Óheimilt er að sýna opinberlega, stilla út í sýningargluga eða á annan hátt birta myndir, sem að dómi félagsmálaráðs eru siðspillandi. Gildir þetta um ljósmyndir, veggauglýsingar eða kvikmyndir og getur lögreglustjóri eða félagsmálaráð bannað sýningu þeirra eða takmarkað aðgang við ákveðinn aldur. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um vernd barna og unglinga eftir því sem við á.

46. gr.

Lögreglustjóri getur bannað börnum innan 16 ára aldurs umferð um bryggjur og ferðir út í skip og báta í höfnum, ef sérstök ástæða þykir til.

47. gr.

Telji lögreglustjóri þess þörf til að halda upp velsæmi og góðri reglu, getur hann bannað allar samgöngur við erlend skip.

VII. KAFLI

Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

48. gr.

Á almannaferi má eigi kasta hræjum, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi né öðru slíku og ekki skilja neitt slíkt þar eftir. Eigi má heldur á þessum stöðum brjóta flöskur, fleygja eða skilja eftir grjót, mold, mól, sand, slor, ösku, járnarusl, víra, bréf, ávaxtahýði, úrgangssalt, múrbrot, spýtnabrák, bílhræ eða yfirleitt nokkuð það, þótt eigi sé hér upp talið sérstaklega, sem valdið getur óheilnæmi, óþrifnaði, tálmunum eða óþrýði.

Aðeins er heimilt að henda mold, grjóti, sorpi, og úrgangi á staði, sem til þess eru ætlaðir og bæjaryfirvöld vísa á til þeirra nota.

Hvers kyns taka og tilfærsla jarðefna eða annað jarðrask, svo sem taka á grjóti eða sandi er óheimil í bæjarlandinu nema með samþykki bæjaryfirvalda.

49. gr.

Tunnur eða önnur ílát með sorpi, slori eða því um líku má ekki láta standa á almannaferi né heldur hafa nokkuð laust eða í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

Þeir sem flytja vörur og annað, skulu gæta þess vandlega að flutningstæki séu þannig gerð og hleðslu þannig háttað að ekki valdi óþrifnaði.

Fokgjörn efni má aðeins flytja í lokuðum vögnum, vel þéttum.

Ef eitthvað losnar af við flutninginn, fermingu eða affermingu, skal sá er flytur skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

Pallbifreiðar skulu þannig útbúnar, að auk skjólborða sé traustur gafl eða vör á enda pallsins, þegar flutt er efni eða varningur, sem hætt er við að hrynji úr.

50. gr.

Eigendur verslana og söluturna skulu annast hreinsun á öllu rusli, sem hlýst af rekstrinum, a.m.k. daglega. Þeir skulu koma upp sorpkössum og tæma þá. Þeir skulu ganga

tryggilega frá sorpgeymslum og hreinsa upp allt rusl, sem berast kann út á aðliggjandi götur, torg eða lóðir.

VIII. KAFLI

51. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir sveitarfélögin á Fljótsdalshéraði.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur þyngri refsing við brotinu samkvæmt lögum.

Sektir renna í ríkissjóð eða til viðkomandi sveitarfélags eftir því, sem lög og reglugerðir segja til um.

52. gr.

Lögreglusamþykkt þessi öðlast gildi þegar við birtingu.

Lögreglusamþykkt þessi, sem sveitarstjórnir Egilsstaðabæjar, Eihrepps, Fellahrepps, Fljótsdalshrepps, Hjaltastaðahrepps, Hlíðahrepps, Jökuldalshrepps, Skriðdalshrepps, Tunguhrepps og Vallahrepps hafa samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 36. 18. maí 1988, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli. Samþykktina skal endurskoða ári eftir gildistöku hennar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. ágúst 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Sigurður T. Magnússon.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995.**

1. gr.

3. ml. 3. mgr. 3. gr., sbr. reglugerð nr. 273, 9. maí 1995, orðist svo: Veiðitímabil humars er frá og með 21. maí til og með 31. ágúst 1995.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. ágúst 1995.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Snorri Rúnar Pálmason.